

HVAÐ ER TÍSKA?

Tíska er orðin mikilvæg staðreynd í menningarlífi okkar í dag og algerlega sambærileg við list eða leikhús¹.

Hefurðu farið á tískusýningu? Finnst þér tískusýning vera álíka góður og upplífandi viðburður og að fara í leikhús eða á listasafn?

Þú getur fylgst með tískusýningum um allan heim á netinu á hinum ýmsu vefsíðum, notaðu leitarorðið runway, catwalk, haute-couture, prêt-à-porter og/eða style til þess að finna tískusýningar og ef þú átt þér uppáhaldshönnuð er ekki úr vegi að slá nafninu á honum með í leitarupplýsingarnar.


Hvað finnst þér um tískusýningar?

Tveir hápunktar tískuheimsins eru sýningar frægustu fatahönnuða heims. Önnur sýningin er kölluð *haute-couture* og er sérhönnuð hátíska, hin sýningin er *prêt-à-porter* eða ready to wear og er hún ætluð sem „fyrirmynd“ að fjöldaframleiðslu².

Helstu tískuvikur fara fram í New York, London, Mílanó og París. Þær eru haldnar 2–4 sinnum á ári. Gaman er að fylgjast með hinum ýmsu bloggurum og tískusíðum til að fá nýjustu tísku beint í æð.

Þú getur fundið hinar ýmsu síður á netinu með leitarorðunum sem nefnd eru hér að ofan.

Mánaðarlega eru gefin út ýmis tískutímarit sem gaman er að skoða til þess að geta fylgst betur með því sem er að gerast í tískuheiminum. Tískutímarit og önnur tímarit um tónlist eða aðra list eru auðfánleg hér á landi. Í bókabúðum landsins er hægt að fá flest tímarit og einnig er hægt að fá sér sæti og skoða þau sem mann langar til án þess að borga fyrir það. Bókasöfn hafa einnig mörg tímarit og þar að auki eru mörg af helstu tískutímaritum með nettímarit og bloggsíður þar sem auðvelt er að fylgjast með því sem er í gangi hverju sinni.



Leitarorðin fashion magazine, fashion blog, fashion now, nettímarit og fleira kemur þér í samband við ógrynni upplýsinga og spennandi vefmiðla um tísku og annað sem tengist fatahönnun á einn eða annan hátt.

Hvert er uppáhalds tímaritið þitt?

Hver er uppáhalds bloggarinn þinn um tísku?

Hvert er uppáhalds nettímaritið þitt?



HVERNIG VERÐUR TÍSKA AÐ TÍSKU?

Áður fyrr lögðu helstu fatahönnuðir stílinn fyrir hinn vestræna heim þ.e.a.s. voru með ákveðin tískufyrirmæli eða samræmdan stíl. Þess konar „valdbeiting“ er ekki viðurkennd nú á dögum. Nútíminn er ekki eins niður njörvaður því nú geta neytendur tísku valið úr fjölda stíltegunda og valið sinn eigin stíl jafnvel út frá mörgum mismunandi stílum fatahönnuða og myndað þannig „sinn eigin stíl“.

Átt þú þér þinn uppáhalds fatahönnuð? Hver er það og hvers vegna?

Það er varla hægt að útiloka tískuna frá daglegu lífi okkar, þrátt fyrir að margt fólk telji sig geta afneitað henni. En til þess að afneita tískunni þarf það að vera meðvitað um hvernig hún er og ganga út frá henni í afneitun sinni⁴. Tilraunir fólks til þess að afneita tískunni ganga varla upp í dag og þá kannski sérstaklega á Íslandi, þar sem vöruúrvalið er af skornum skammti. Verslanir bjóða upp á tiskuvarning og ef þig langar í bleika peysu en grátt er í tísku er yfirleitt frekar erfitt að nálgast bleiku peysuna, nema kannski með því að fara á útsölulager í vefnaðarvöruverslun og sauma hana sjálfur.



Hefur þú einhvern tímann lent í því að finna ekki flíkina eða litinn sem þig langar í? Í dag er hins vegar mun erfiðara að henda reiður á hvað tíska er. Áður fyrr þótti glæsileiki og fágaður smekkur vera merki um það að maður væri „í tísku“⁵. Nú er ekki endilega nauðsynlegt að vera glæsilegur og smekkvís, þú getur verið jafn mikið í tísku í gallabuxum og smart bol eins og rándýrum kjól. Mörkin milli þess að vera í tísku og hallærislegur eru ekki eins skýr og áður.



Hefur þú myndað þér skoðanir á því hvað þér finnst vera í tísku og hvað ekki?

Heimild: 1.–5. Lehnert, Gertrud, 2000.

Myndir: 1. Hildur Yeoman, ljósmyndari: Saga Sig. 2. ELLA ljósmynd frá RFF 2013. 3. Gian Padilla Suarez. 4. Nude Magazine www.nudemagazine.is 5. Nude Magazine www.nudemagazine.is 6. Kron by kronkron. 7. ELLA, ljósmyndari: Silja Magg.